

**Nd.**

**529. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

- I. Á undan 1. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, er verða 1. og 2. gr., svo hljóðandi:
    1. (1. gr.) a. Upphaf 1. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 orðist svo:  
Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda o. s. frv.
    - b) Á eftir 1. málsg. sömu lagagr. komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Ekki geta einstök félög ákveðið með samþykktum sínum, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og óheimilt er að torvelda á nokkurn hátt framkvæmd námssamnings, sem gerður er og staðfestur samkvæmt lögum þessum.
    - c) Upphaf 3. málsg. sömu lagagr. orðist svo:  
Árlega skulu iðnaðarfulltrúar leita álits o. s. frv.
  2. (2. gr.) Upphaf 2. másl. 5. gr. laganna orðist svo:  
Hvenær sem er á því tímabili hafa bæði o. s. frv.
- II. Við 1. gr. frv., sem verður 3. gr. Í stað „laga nr. 100 11. júní 1938“ kemur: laganna.
- III. Á eftir þeirri gr. kemur ný gr., sem verður 4. gr., svo hljóðandi:  
Við 10. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.
- IV. Við 2. gr. frv., sem verður 5. gr. Í stað „sömu laga“ kemur: laganna.

Alþingi, 19. des. 1939.

Emil Jónsson,            Gísli Sveinsson,            Bjarni Ásgeirsson.  
form., frsm.            fundaskr.  
Sigurður Kristjánsson.            Pálmi Hannesson.